

Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)

Umsagnar óskaði: Bæjarráð, 1107. fundur 31.01.2013.
Varðandi: Alþingi
Nr. erindis: 201301596/50.13
Dags.: 04.02.2013
Málefni: Umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs
Afrit: Fjölskyldunefnd

Alþingi
Erindi nr. P 141/1471
komudagur 11.2.2013

Bæjarráð, 1107. fundur tók til umfjöllunar erindi velferðarnefndar alþingis þar sem frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir) var vísað til umsagnar félagsþjónustu sveitarfélaga sbr. 497. mál. Bæjarráð vísaði erindinu til umsagnar undirritaðrar.

Frumvarpið felur í sér að réttur sjúklings til að áfrýja ákvörðun umsjónaraðila sjúkraskrár er tryggður. Í frumvarpinu er vísað til þessa að ákvarðanir um þau atriði sem tilgreind eru séu almennt faglegs eðlis og því sé eðlilegt að leitað sé til landlæknisembættisins fremur en ráðuneytisins um endurskoðun þeirra.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 41/2007 hefur landlæknir m.a. ráðgefandi hlutverk gagnvart fagfólki um málefni á verksviði embættisins, ásamt því sem hann hefur eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum. Tengsl sem af því leiða geta leitt til hlutdrægni og því er ástæða til þess að draga í efa að embætti landlæknis sé best til þess fallið að fara með úrskurðarvald í umræddum málum. Að mati undirritaðrar færi betur á því að óháðum úrskurðaraðila væri falið valdið líkt og á við um áfrýjun stjórnvaldsákvarðana í öðrum velferðarmálum.

Virðingarfyllst,
Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs